

# Nýlegar reglugerðabreytingar o.fl.

– m.a. varðandi vsk-bíla og rafrænt bókhald –

Hér á eftir er fyrst vikið að breytingum sem nýverið urðu á nokkrum reglugerðum á sviði virðisaukaskatts, m.a. er fjallað um breytingar varðandi **vsk-ökutæki** svo og **rafrænt bókhald**. Þá er í orðsendingunni að finna upplýsingar um skil á ýmsum skýrslum er varða virðisaukaskatt í tengslum við skattframtal 2001.

## 1. Nýlegar breytingar

Í desember 2000 og janúar 2001 voru gerðar breytingar á fimm reglugerðum sem varða virðisaukaskatt. Hér verður vikið að þessum breytingum.

### 1.1. Nr. 901/2000 - eigin öryggisvarsla opb. aðila

Með þessari reglugerð, sem tók gildi 1. janúar sl., var gerð breyting á 4. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Kveðið er á um skattskyldu opinberra aðila vegna eigin öryggisvörslu.

### 1.2. Nr. 903/2000 - sérstök undanfari frjálsrar

Með reglugerðinni, sem tók gildi 20. desember sl., var gerð breyting á 5. gr. reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Fallið er frá kröfu um tryggingu þegar þannig stendur á að leigusali sækir um sérstaka skráningu sem undanfara frjálsrar skráningar, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Þegar settar tryggingar halda að sjálfsögðu gildi sínu.

### 1.3. Nr. 18/2001 - innskattur af ökutækjum o.fl.

Með þessari reglugerð, sem tók gildi 15. janúar sl., voru gerðar breytingar á 2., 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt. Breytingarnar varða annars vegar innskatt af ökutækjum (sjá liði 1.3.1. og 1.3.2.) og hins vegar innskatt opinberra aðila (sjá lið 1.3.3.)

#### 1.3.1. Hópbifreiðir og léttar sendi- og vörubifreiðir sem ekki uppfylla skilyrði vsk-ökutækja

Ákvæði 6. tölul. 2. gr. reglugerðar um innskatt er fært til samræmis við þá breytingu sem gerð var á 6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með lögum nr. 105/2000. Um lagabreytinguna var fjallað í orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 3/2000 og vísast til hennar.

Kveðið er á um að öðrum en þeim sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða sé óheimilt að telja til inn-

skatts virðisaukaskatt af kaupum, leigu eða rekstri hóp-bifreiða, svo og þeirra sendi- og vörubifreiða, með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna, sem ekki uppfylla skilyrði 9. gr. innskattsreglugerðarinnar að því er varðar gerð og búnað svokallaðra vsk-bifreiða. Það gildir því sama innskattsbann um þessar bifreiðir og um fólksbifreiðir.



#### 1.3.2. Vsk-ökutæki

Umfangsmestu breytingar sem felast í reglugerð nr. 18/2001 eru þær sem gerðar eru á 9. gr. reglugerðar um innskatt varðandi **vsk-bifreiðir** (léttar sendi- og vörubifreiðir sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði um gerð og búnað, þ.e. um flutningsgetu, lengd farmrýmis og takmarkaðan búnað til farþegaflutninga) **svo og önnur vsk-ökutæki** (bifhjól, torfæru- og loftþúðatæki).

Í fyrsta lagi fela breytingarnar á 9. gr. í sér **orðalagsbreytingar**. Kveðið er skýrar en áður á um nokkur atriði sem þóttu ekki svo ljós sem æskilegt væri, án þess að um efnisbreytingu teljist vera að ræða. Til dæmis er umorðað ákvæðið um að öll not umræddra ökutækja, önnur en í beina þágu hinnar virðisaukaskattsskyldu starfsemi, valdi því að ekki megi færa til innskatts virðisaukaskatt af kaupum þeirra eða leigu. Þá er umorðað ákvæðið um sérstök skráningarmerki (rauð/hvít) og þannig tekinn af allur vafi um að vsk-bifreiðir skuli vera búnar slíkum skráningarmerkjum – ekki aðeins ef innskattur á að koma til álitu af kaupum þeirra heldur líka leigu.

Í öðru lagi er gerð sú efnislega breyting að vikið er í einu tilviki frá áður nefndu banni við annarri notkun ökutækjanna en í hinni skattskyldu starfsemi. Þetta eina frávik felst í því að samkvæmt 3. mgr. 9. gr. eins og hún hljóðar nú **má eigandi rekstrar eða starfsmaður hans, að þremur skilyrðum uppfylltum, hafa þau einkanot af vsk-bifreið að aka henni milli heimilis síns og vinnustaðar** án þess að fyrirgert sé innskattsrétti. **Fyrsta** skilyrðið lýtur að því að afnotarétturinn sé útskattaður, líkt og úttekt úr rekstri, á skattverði sem er það sama og hlunnindamat í staðgreiðslu. Þannig skal afnotaréttur eiganda eða starfsmanns hans að fullu talinn til virðisaukaskattsskyldrar veltu á skattverði sem er það sama og hlunnindamat ríkisskattstjóra er vegna takmarkaðra afnota launþega af bifreið launagreiðanda síns í skattmati vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á hverjum tíma. **Annað** skilyrðið felst í tilkynningarskyldu, þ.e.a.s. áður en einkanot hefst, eða áður en breytingar verða á

slíkum notum, verður rekstraraðili að tilkynna til skattstjóra um hinn fyrirhugaða afnotarétt, þ.m.t. hver njóta muni, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Unnið er að gerð eyðublaðs til nota fyrir slíka tilkynningu, en uns það liggur fyrir er tilkynning óformbundin (verður þó að vera skrifleg). Í þriðja skilyrðinu kristallast tengslin við tekju-skattsskyld hlunnindi með því að gert er að skilyrði fyrir því að innskattsrétti sé ekki fyrirgert með akstri vsk-bifreiðar milli heimilis og vinnustaðar, að við afdrátt og skil á staðgreiðslu opinberra gjalda telji rekstraraðili (launagreiðandi) viðkomandi starfsmanni til launa þau hlunnindi sem í afnotaréttinum felast.

Í þriðja lagi er gerð sú breyting að **felt er á brott sérákvæði varðandi sérútbúnað bifreiðir til viðgerðarþjónustu** en þær mátti samkvæmt áðurgildandi sérákvæði, að fenginni heimild skattstjóra, geyma við heimili starfsmanns á bakvakt. Breytingin sem rakin var að framman, þ.e. nú má samkvæmt 3. mgr. 9. gr., að þremur skilyrðum uppfylltum, aka vsk-bifreið að og frá heimili eiganda eða starfsmanns, veldur því að ekki er lengur þörf á þessu sérákvæði varðandi sérútbúnað bifreiðir. Hér ber að nefna að þótt akstur sérútbúinna bifreiða að og frá heimili vegna fyrirvaralausra útkalla sé í þágu rekstrar þá felast einnig í þeim akstri einkanot, hin sömu og í slíkum akstri annarra vsk-bifreiða. Þá má geta þess að frávik við varðandi sérútbúnað bifreiðir reyndist erfitt í framkvæmd og vakti tíðum ágreiningu. Í tengslum við brottfellingu sérákvæðisins um sérútbúnað bifreiðir er sérstakt **lagaskilaákvæði til bráðabirgða**. Samkvæmt því falla úr gildi frá og með gildistöku reglugerðar nr. 18/2001 allar heimildir varðandi sérútbúnað bifreiðir, sem skattstjórar hafa veitt. Fyrir 1. mars 2001 skulu rekstraraðilar, sem fengið hafa slíkar heimildir, tilkynna til skattstjóra um afnotarétt starfsmanns eða eiganda til aksturs milli heimilis og vinnustaðar svo og umskrá viðkomandi bifreiðir yfir á rauð/hvít skráningarmarki, hyggist þeir á annað borð nýta sér þá heimild sem nú felst í 3. mgr. 9. gr.

Í fjórða lagi er gerð sú breyting á kröfum til gerðar og búnaðar vsk-bifreiða að sé fólks- eða hópbifreið breytt í sendi- eða vörubifreið skuli með **varanlegum** hætti fjarlægð úr farmrymi sæti ásamt sætisfestingum og öðrum búnaði til fólksflutninga. Með „öðrum búnaði“ er t.d. átt við öryggisbelti. Þá er kveðið á um að til torfærutækja, sem eru á meðal annarra vsk-ökutækja í skilningi 9. gr., teljist m.a. fimm- og sexhjóla torfærutækja.

Í fimmta lagi er fært í reglugerðarbúning ákvæði sem kom inn í lög um virðisaukaskatt með lögum nr. 149/1996, um **tilkynningarskyldu til skattstjóra vegna fyrirhugaðra breyttra nota á vsk-bifreiðum og öðrum vsk-ökutækjum**. Unnið er að gerð eyðublaðs til nota fyrir slíkar tilkynningar, en uns það liggur fyrir er tilkynning óformbundin (verður þó að vera skrifleg). Einnig er færð í reglugerðarbúningu sú regla sem gilt hefur í framkvæmd að séu skilyrði 9. gr. til færslu innskatts af kaupum eða leigu vsk-ökutækis ekki haldin beri skattstjóra að fella niður innskatt af kaupunum eða leigunni. Þá er tekið af skarið með að misbrestur á að tilkynningarskyldu sé gætt, hvort heldur er þeirri tilkynningarskyldu sem hér var um rætt eða samkvæmt 3. mgr. 9. gr., valdi einnig slíkri niðurfellingu.

Rétt er að geta þess að heimildir til færslu innskatts af rekstrarkostnaði vsk-ökutækja eru óbreyttar, þ.m.t. heimildir til færslu hlutfallslegs innskatts vegna blandaðra nota.

**Ákvæði 9. gr. reglugerðar um innskatt, eins og það hljóðar nú, ásamt lagaskilaákvæði til bráðabirgða, er birt í heild sinni aftast í orðsendingunni.**

### 1.3.3. Opinberir aðilar

Meginregla laga um virðisaukaskatt er að til innskatts má aðeins telja virðisaukaskatt af rekstraraðföngum er eingöngu varða sölu skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu. Í II. kafla reglugerðar um innskatt er kveðið á um frávik frá þessari meginreglu að því er tekur til aðfanga sem í senn varða skattskylda starfsemi og óskattskylda. Þessi frávik felast í almennum reglum um frádrátt að hluta, sbr. einkum 5.-6. gr. Reglur um frádrátt að hluta sæta þó nokkrum takmörkunum. Þær ná samkvæmt 10. gr. almennt ekki til þeirra sem einvörðungu eru virðisaukaskattsskyldir vegna eigin nota innan óskattskyldrar starfsemi, þeirra sem undanþegnir eru tekju- og eignarskatti og opinberra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt.

Með breytingu á 10. gr. innskattsreglugerðarinnar er opinberum þjónustufyrirtækjum, sem selja skattskyldar vörur og þjónustu til annarra og virðisaukaskattsskyld eru samkvæmt framangreindum 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, nú heimilað að færa til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum, þó ekki fasteignum, að því leyti sem þau teljast varða virðisaukaskattsskyldan rekstur þeirra, með sama hætti og greinir í 6. gr. reglugerðarinnar. Skilyrði slíks hlutfallslegs innskattsfrádráttar er að hinn virðisaukaskattsskyldi þáttur í starfsemi fyrirtækisins sé fjárhagslega og bókhaldslega skýrt aðgreindur frá öðrum þáttum í starfsemi þess.

Að öðru leyti er 10. gr. óbreytt, þ.e. áfram gildir sú regla að þeir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt 4. gr. laga nr. 75/1981, þ.m.t. opinberir aðilar, svo og þeir sem einvörðungu eru virðisaukaskattsskyldir vegna eigin nota innan óskattskyldrar starfsemi, mega ekki tilfæra innskatt af aðföngum nema þau varði eingöngu skattskylda sölu þeirra.



### 1.4. Nr. 15/2001 og 16/2001

#### – rafrænt bókhald o.fl.

Hinn 20. september 1999 gekk í gildi reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa, sem fjallar um þá nýjung sem í daglegu tali kallast pappírslaut bókhald. Sama dag tók gildi reglugerð nr. 599/1999, um breytingu á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, þar sem kveðið var á um ýmsar breytingar til samræmis við ákvæðin í reglugerðinni um rafrænt bókhald. Á þessar nýjungar hefur nú reynt í vel rúmt ár og notkun rafrænna bókhaldskerfa hefur á þeim tíma smám saman færst í vöxt.

Í ljósi reynslunnar hafa nú verið gerðar nokkrar breytingar á þessu sviði. Þannig voru með reglugerðum nr.

15/2001 og 16/2001, sem tóku gildi 15. janúar sl., gerðar annars vegar breytingar á reglugerðinni um rafrænt bókhald nr. 598/1999 og hins vegar á reglugerðinni um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila nr. 50/1993.

Hér á eftir verður farið yfir helstu breytingar sem reglugerðir nr. 15/2001 og 16/2001 hafa í för með sér.

#### **1.4.1. Nr. 15/2001 - breytingar á nr. 598/1999**

Ljóst er að tölvufært bókhald er ekki sama og rafrænt bókhald í skilningi reglugerðar nr. 598/1999 og t.d. er bókhald sem fært er í „excel“ fjarri því að vera rafrænt bókhaldskerfi. Það hefur þó borið á því að seljendur og notendur ýmissa bókhaldskerfa hafi verið í vafa um það hvaða skilyrði kerfið þurfi að uppfylla til þess að teljast vera rafrænt.

Með breytingu á 1. gr. reglugerðarinnar um rafrænt bókhald nr. 598/1999 er tekinn af allur vafi í þessu efni. **Bókhald, eða hluti þess, telst ekki rafrænt í skilningi reglugerðar nr. 598/1999 nema gert sé ráð fyrir rafskýtasendingum sem skrást í þar til gerða rafgagnadagbók.** Með öðrum orðum - rafrænt bókhald er bókhald, eða sá hluti bókhalds, þar sem bókun viðskipta byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnskeraferfum og send eru á milli þeirra með skýtu-um sem sjálfkrafa skrást í gagnadagbók, allt eftir því sem nánar er lýst í reglugerðinni.

Í samræmi við þetta uppfylla tölvufærðir sölureikningar ekki skilyrði þess að teljast rafrænt færðir nema þeir eigi uppruna sinn í gagnavinnskeraferfi, séu sendir þaðan og sjálfvirkir skráðir í rafræna gagnadagbók og myndi rafræn fylgiskjöl bókhaldsins.

Þá er með breytingu á 11. gr. reglugerðar nr. 598/1999 skerpt á kröfum til seljenda rafrænna bókhaldskerfa. Þannig skal á meðal upplýsinga, sem seljandi hugbúnaðarins skal láta kaupanda (notanda) í té, vera bein **yfirlýsing** seljandans, eða hönnuðar hugbúnaðarins, um að hugbúnaðurinn uppfylli skilyrði reglugerðar um rafrænt bókhald. Slík yfirlýsing skal liggja fyrir í bókhaldsgögnum notandans.

#### **1.4.2. Nr. 16/2001 - breytingar á nr. 50/1993**

Í reglugerð nr. 16/2001 felst í **fyrsta lagi** sú breyting, að ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila nr. 50/1993, sem fjallar um form og efni sölureikninga, er skerpt að því er varðar rafræna sölureikninga. Þannig er nú beinlínis tekið fram í reglugerð nr. 50/1993, **hvað telst vera rafrænn reikningur**, þ.e. rafrænn sölureikningur er **reikningur sem á uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi samkvæmt reglugerð nr. 598/1999**. Þá er ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993 einnig skýrt hvað varðar þá aðstöðu þegar seljandi er með rafrænt bókhaldskerfi en viðskiptamaður hans er ekki með slíkt kerfi. Þannig er nú beinlínis tekið fram að þegar svo stendur á sé seljanda nægilegt að prenta eintak kaupandans í einriti. Óbreytt er sú regla, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 598/1999, að rafrænn sölureikningur skal, auk númers í gagnadagbók og sem fylgiskjal í bókhaldi, fá númer í samfelldri númeraröð (einkvæmt númer). Þetta númer skal ávallt koma fram í gagnadagbók og á rafrænu fylgiskjali bókhalds, bæði

hjá sendanda og móttakanda svo og á prentuðu eintaki hans sé um það að ræða. Rafrænan reikning þarf ekki að prenta á fyrirfram númerað reikningseyðublað.

**Reikningur úr bókhaldskerfi sem uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar nr. 598/1999 skal eftir sem áður prentaður í þríriti á reikningsform með fyrirfram áprentuðu einkvæmu reikningsnúmeri.**

Tekið skal fram að ekki voru gerðar breytingar á ákvæði 5. másl. 5. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 50/1993, sem fjallar um greiðslukvittun (strimil) sjóðvélar sem er með rafræna dagbók og getur talist ígildi prentaðs rafræns sölureiknings að skilyrðum 4. og 5. gr. uppfylltum, enda þykir ákvæðið í óbreyttri mynd nægilega skýrt varðandi það að greiðslukvittun þurfi að bera með sér einkvæmt númer eins og aðrir rafrænir sölureikningar, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 598/1999. Þegar skattskyldur kaupandi óskar reiknings samhliða sjóðvélar skráningu en ákvæði 5. másl. 5. mgr. 8. gr. er ekki uppfyllt þá verður að fylgja gömlu reglunni þ.e.a.s. gefa út reikning í tvíriti, sem einnig skal bera einkvæmt númer að gildandi rétti (þó ekki fyrirfram áprentað), og hefta greiðslukvittun sjóðvélarinnar við eintak kaupandans.

Í **öðru lagi** eru nú í 15. gr. reglugerðar nr. 50/1993 **gerðar ríkari kröfur til forms prentaðra rafrænna sölureikninga og greiðslukvittana sjóðvéla sem eru með rafræna dagbók** en áður var, **ef þessi gögn eiga að geta legið til grundvallar innskatti hjá kaupanda**. Breytingarnar lúta að **sérstakri áletrun** á prentað eintak rafræns sölureiknings, svo og á greiðslukvittun sjóðvélar sem er með rafræna dagbók, til að aðgreina þessa reikninga frá öðrum reikningum eða greiðslukvittunum sjóðvéla sem ekki uppfylla formkröfur til innskattsgagna.

Þannig segir nú í 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 50/1993 að þegar seljandi er með rafrænt bókhaldskerfi, en kaupandi er ekki með slíkt kerfi, er prentað eintak rafræna sölureikningsins innskattsskjal kaupanda og að auk þeirra form- og efniskrafna sem gerðar eru í 1. mgr. greinarinnar **skuli reikningurinn þá við prentun hans bera með sér að hann eigi uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi samkvæmt reglugerð nr. 598/1999**. Svipað ákvæði er nú í 5. mgr. umræddrar 15. gr. en þar segir; að form- og efnisskilyrðum 4. og 5. gr. uppfylltum getur **greiðslukvittun sjóðvélar, sem á uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi í skilningi 5. másl. 5. mgr. 8. gr.**, legið til grundvallar innskatti **enda komi sá uppruni fram við prentun hennar**, sbr. 2. másl. 4. mgr. 15. gr.

Framangreindar kröfur um áprentun taka líka til prentaðs eintaks rafræns sölureiknings sem liggur til grundvallar **sameiginlegum innkaupum** samkvæmt 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 50/1993. Samsvarandi kröfur eru gerðar varðandi áritun slíkra reikninga sem liggja til grundvallar **útlögðum kostnaði** samkvæmt 21. gr. sömu reglugerðar. Sama gildir ef greiðslukvittun sjóðvélar, sem er með rafræna dagbók, liggur til grundvallar sameiginlegum innkaupum eða útlögðum kostnaði.

Í **þriðja lagi** er gerð breyting á 3. mgr. 15. gr., er fjallar um skjöl sem geta legið til grundvallar innskatti þrátt fyrir frávik frá almennum kröfum, að því tilskildu að þau séu úr tekjuskráningarkerfi sem ríkisskattstjóri hefur samþykkt (þó aldrei greiðslufirlit greiðslukortafyrirtækja). Við

ákvæðið hefur nú verið bætt því skilyrði að skjalið verði að bera með sér tilvísun í samþykki ríkisskattstjóra, þ.e. svokallað **TS-númer** þarf að vera skráð á skjalið. Skjal, með tilvísun í slíkt heimildarbréf frá ríkisskattstjóra, á þannig að vera gagn sem kaupandi í góðri trú getur treyst sem formlega réttu innskattsskjali, enda getur hann þá ekki aðeins fengið að sjá heimildarbréfið hjá seljandanum heldur getur hann einnig sannreynt tilvist þess og efni hjá skattyfirvöldum án mikillar fyrirhafnar.

Í fjórða lagi eru gerðar ýmsar smávægilegar lagfæringar á reglugerð nr. 50/1993, án þess að um efnisbreytingu sé að ræða.

## 2. Skil í tengslum við framtal 2001

Samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblað vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, eftir atvikum, fylla út og skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2001.

Eyðublað RSK 10.26 fylgir hjálaga.

Þeir sem þurfa að skila skýrslum RSK 10.25 og/eða 10.27 þurfa hins vegar að nálgast eyðublaðið hjá skattyfirvöldum (nema bændur sem fá eyðublað RSK 10.25 sent hjálaga). Einnig er hægt að sækja þau á upplýsingavef ríkisskattstjóra ([www.rsk.is](http://www.rsk.is)).

### 2.1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisauka-

skattsskylda starfsemi á árinu 2000 að þeir beri virðisauka-skattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald.

Ef talið er fram til tekjuskatts og eignarskatts á forminu „Skattframtal rekstaraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn gerður á því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt virðisaukaskattsnúmer. Að öðrum kosti skal samanburðurinn gerður á forminu „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) og skýrslunni skilað með skattframtali 2001, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

### 2.2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi við framangreindan samanburð fram mismunur skal leiðrétting gerð á skýrsluforminu „Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Feli niðurstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal skýrslunni ásamt greiðslu þegar í stað komið til innheimtumanns ríkissjóðs. Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað til skattstjóra með skattframtali 2001.

### 2.3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisauka-skattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2000 (almenn skil), júlí-des. 2000 (landbúnaðarskil) eða 2000 (ársskil). Afstemmingarblaði skal skila með skattframtali 2001.

## 9. gr. reglugerðar nr. 192/1993 með áorðnum breytingum

Ákvæði 5. og 6. gr. taka ekki til virðisaukaskatts vegna öflunar, þ.m.t. leigu, eftirtalinnar ökutækja:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
  - a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
  - b. Farnrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipilis skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludrym eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.
  - c. Í farnrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé fólks- eða hópbifreið breytt í sendi- eða vörubifreið skulu með varanlegum hætti fjarlægð úr farnrými sæti ásamt sætisfestingum og öðrum búnaði til fólksflutninga.
2. Bifhjóla.
3. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí-, fjór-, fimm- og sexhjóla.
4. Loftþúataækja.

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar, þ.m.t. leigu, framangreindra ökutækja nema þau séu eingöngu notuð í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, þ.e. vegna sölu á vörum og skattskyldri þjónustu. Öll önnur notkun þeirra, svo sem einkanot eiganda rekstrar og starfsmanna hans og notkun í þágu starfsemi er fellur utan skattskyldis virðisaukaskatts, veldur því að óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt af öflun ökutækjanna. Akstur eiganda eða starfsmanns til og frá heimili telst í öllum tilvikum til einkanota í þessu sambandi og það eins þótt aksturinn sé jafnframt í þágu starfsmannar eða á annan hátt að kröfu rekstraraðila.

Frá ákvæði 2. mgr. er sú eina undantekning að eiganda rekstrar eða starfsmanni hans eru heimil takmörkuð einkanot, án þess að það komi í veg fyrir að til innskatts sé talinn virðisaukaskattur af öflun bifreiðar skv. 1. tölul. 1. mgr. í hugtakinu takmörkuð einkanot felst eingöngu akstur milli heimilis þess sem afnotaréttinn hefur og starfstöðvar fyrirtækis. Eftirtöldum skilyrðum undantekningarinnar þarf að vera fullnægt:

1. Afnotaréttur eiganda eða starfsmanns hans sé að fullu talinn til virðisaukaskattsskyldrar veltu á skattverði sem er það sama og hlunnindamat ríkisskattstjóra, vegna takmarkaðra afnota launþega af bifreið launagreiðanda síns, í skattmati vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á hverjum tíma.
2. Áður en einkanot hefjast, eða breytingar verða á slíkum notum, tilkynni rekstraraðili til skattstjóra um hinn fyrirhugaða afnotarétt, þ.m.t. hver njóta muni, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
3. Við afdrátt og skil staðgreiðslu opinberra gjalda telji rekstraraðili (launagreiðandi) starfsmanni til launa þau hlunnindi er í afnotaréttinum felast.

Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisaukaskatt af öflun, þ.m.t. leigu, bifreiðar skv. 1. tölul. 1. mgr. er að hún sé búin sérstöku skráningamerkjum með rauðum stöfum á hvítum grunni, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 78/1997, um skráningu ökutækja með síðari breytingum. Skilyrðið tekur þó ekki til eignarleigufyrirtækja og bilaleigufyrirtækja að því er varðar bifreiðir sem þau selja á leigu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi sinni.

Hafi skattaðili talið til innskatts virðisaukaskatt af öflun ökutækis slíks sem um ræðir í 1. mgr., en tekur það síðar til notkunar sem heimil honum minni eða engan frádráttarétt, skal hann tilkynna skattstjóra þar um áður en notkun er breytt og láta fjarlægja hin sérstöku skráningamerki sem um ræðir í 4. mgr.

Komi í ljós að skilyrði þessarar greinar til færslu innskatts af öflun ökutækis hafa ekki verið haldin, þ.m.t. skilyrði um tilkynningar, er skattstjóra rétt að fella nið-ur innskatt af öflun viðkomandi bifreiðar.

Ákvæði 3.-6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra ökutækja sem um ræðir í 1. mgr.

### Ákvæði til bráðabirgða

Frá og með gildistöku reglugerðar þessarar falla úr gildi allar heimildir varðandi bifreiðir sérútbúnar til viðgerðarþjónustu, sem skattstjórar hafa veitt á grundvelli 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 192/1993 eins og það ákvæði hljóðaði eftir gildistöku 3. gr. reglugerðar nr. 532/1993, um breytingu á hinni fyrrnefndu reglugerð.

Fyrir 1. mars 2001 skulu þeir rekstraraðilar, sem fengið hafa heimildir þær sem tilteknar eru í 1. mgr., tilkynna til skattstjóra um afnotarétt skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar og umskrá viðkomandi bifreiðir yfir á skráningamerki með rauðum stöfum á hvítum grunni, sbr. 5. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, hygg-ist þeir nýta sér þá heimild sem í nefndri 3. mgr. 2. gr. felst.

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1207 og skattstjórar um land allt.

**GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA**